

✉ Re: 2304022 -

Búið til	10.5.2023 20:59:34
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	10.5.2023 20:59:32
Tilheyrir	📁 202304-0022 - Skipulagslýsing deiliskipulagstillögu og aðalskipulagsbreytingar í Rangárþingi eystra - ósk um umsögn

Efni

Re: 2304022 -

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	10.5.2023 20:59:32	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalýkill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinardottir@ni.is)
Til	ulfar@hvolsvollur.is

Innihald

<p>Góðan daginn,</p> <p>Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:</p> <p>-----</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202304-0022 (BK, RT)</p> <p>Vísað er til tölvubréfs frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, dags. 14. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulagstillögu og aðalskipulagsbreytingu í Rangárþingi eystra.</p> <p>Um er að ræða áform um uppbyggingu gistingar- og veitingaþjónustu, baðtengda afþreyingu samhliða fastri búsetu starfsmanna o.fl. sunnan þjóðveggar við Steina 1 undir Eyjafjöllum.</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:</p> <p>Skv. vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (https://vistgerdakort.ni.is/) eru helstu vistgerðir língresis- og vingulsvist og grasmóavist sem báðar hafa hátt verndargildi. Inn á milli eru nokkrir votlendisblettir sem flokkaðir eru sem starungsmýravist og starungsfloavist en þær hafa báðar mjög hátt verndargildi (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016). Líklega er þó votlendi vanmetið í vistgerðakortasjónni en þrátt fyrir umfangsmikla framræslu má sjá á loftmyndum að land er víða enn blautt á skipulagssvæðinu. Munkahetta, sem er friðuð plöntutegund skv. auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna og á valista Náttúrufræðistofnunar (2018), er skráð í grennd við Holtsós og staðhættir við ósinn svipar til staðháttu við vaxtarstað munkahettu við Dyrhólaós.</p>

Á Suðurlandi hefur víða verið gengið mikið á búsvæði vaðfugla, m.a. með frístundabyggðum og skógrækt. Þéttleiki átta algengustu tegunda mófugla (sjö vaðfuglategundir og ein spörfuglategund) var kannaður í helstu vistlendum Suðurlands á árunum 2011 og 2012. Þéttleiki fugla var að meðaltali 640 fuglar/km² í votlendi, 623 fuglar/km² í deiglendi og 461 fugl/km² í graslendi (Jóhannesdóttir o.fl. 2014). Út frá vistgerðum má því reikna með mjög háum þéttleika mófugla á svæðinu og einnig er líklegt að töluvert andfluglavarp sé á þessum slóðum. Þá fer mikill fjöldi gæsa og álfta um svæðið á fartíma auk þess sem Holtsós er náttstaður gæsa.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru mjög dreifðar um skipulagssvæðið sem hefur meðal annars í för með sér umtalsvert rask vegna veglagningar. Æskilegra væri ef uppbygging takmarkaðist við færri svæði til að forðast uppbot (e. fragmentation) búsvæða og þannig hlífa stærri, samfelldari svæðum við frekara raski. Sér í lagi þar sem Holtsós og mýrlendi austan óss að bænum Berjanesi er undir hverfisvernd vegna fjölbreytts fuglalífs árið um kring. Þá ber að forðast uppbyggingu í grennd við ósinn sjálfan og helst ætti að vera 200 m verndarjaðar milli mannvirkja og óss.

Áður en ráðist er í framkvæmdir á svæðinu, telur Náttúrufræðistofnun það æskilegt að fram fari rannsóknir á gróðurfari til að kortleggja betur votlendi innan svæðisins og kanna með mögulega vaxtarstaði sjaldgæfra plöntutegunda sem vitað er að vaxi í grennd, sem og athuganir á fuglalífi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Heimildir:

Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544-552.

Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og Hans H. Hansen 2016. Vistgerðir á landi. Í Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi, bls. 17-169. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)

Bestu kveðjur
Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection
.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)

From: "Guðmundur Úlfar Gíslason" <ulfar@hvolsvollur.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Sigrún Guðmundsdóttir" <sigrun@hsl.is>; "bssl@bssl.is" <bssl@bssl.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>
CC: "Árný Lára Karvelsdóttir" <arnylara@hvolsvollur.is>
Subject: 2304022 -
Date: 14.4.2023 12:14:00

Sæl verið þið

Í viðhengi er skipulagslýsing deiliskipulagstillögu og aðalskipulagsbreytingar í Rangárþingi eystra. Vinsamlegast skilið inn umsögnum fyrir 10. maí nk.

Kveðja,

Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárbings eystra
ulfar@hvolsvollur.is (mailto:ulfar@hvolsvollur.is)



Rangárbing eystra

Sími: 354 4884200 hvolsvollur@hvolsvollur.is
(mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is)
Austurvegi 4 kt.470602-2440
860 Hvolsvöllur www.hvolsvollur.is
(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.hvolsvollur.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C4f15d8ea36a44898812e08db3ce19ae0%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638170712407521506%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=qt9I0CVWERuGUTSG9QklojQd7oYORWVvXyW0H7ZiSY%3D&reserved=0>)

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. 47.gr (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2F47.gr%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C4f15d8ea36a44898812e08db3ce19ae0%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638170712407521506%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=kDWiAun9epZu408E2xi%2BigS%2BBc9YHGah7sO93eW6fp8%3D&reserved=0>). laga nr. 81/2003 um fjarskipti.